



# Könnun meðal ferðamanna á Hornströndum og aðliggjandi svæðum sumarið 2002

Ísafjörður  
Maí 2003



## HELSTU NIÐURSTÖÐUR

Sumarið 2002 stóðu Atvinnuþróunarfélag Vestfjarða, Ísafjarðarbær og Náttúruvernd ríkisins fyrir könnun meðal ferðamanna á leið heim af Hornströndum. Tilgangurinn var að fá upplýsingar um hvers konar fólk er að heimsækja svæðið, hvaða þjónustu það notar og viðhorf til ýmissa þátta sem snerta Hornstrandir. Könnunin var framkvæmd í þeim bátum sem sinna áætlunarferðum til svæðisins. Alls bárust 216 svör. Helstu niðurstöður eru:

- Íslendingar eru í miklum meirihluta ferðamanna á Hornströndum.
- Flestir þátttakendur í könnuninni voru búsettir á höfuðborgarsvæðinu.
- Meðalaldur svarenda er rúmlega 44 ár, fjölmennustu aldurshóparnir eru 41-50 ára og 51-60 ára en alls voru um 60% svarenda í þessum tveimur aldurshópum.
- Flestir sem heimsækja Hornstrandir hafa reynslu af sambærilegum ferðum og um helmingur svarenda hefur komið til Hornstranda áður, einu sinni eða oftár.
- Almenn gefur fólk sér góðan tíma til undirbúnings ferðar og nálega helmingur svarenda hóf undirbúning meira en þremur mánuðum fyrir ferð.
- Flestir afla sér upplýsinga um gönguleiðir, veðurfar og áætlanir báta. Þær upplýsingaveitur sem mest eru notaðar eru fjölskylda og vinir og síðan bækur. Aðrir upplýsingamiðlar eru ekki mjög mikið notaðir.
- Algengst er að ferð á Hornstrandir standi í 5-10 daga. Flestir er í gönguferð á eigin vegum eða í skipulagðri gönguferð með fararstjóra. Um fimmtingur hefur bækistöð á sama stað í sumarhúsi hjá fjölskyldu eða vinum.
- Tegund gistingar endurspeglar tegund ferðar en tæplega helmingur svarenda gistir í tjaldi, tæplega fjórðungur gisti í húsi hjá vinum og ættingjum og um 20% nýttu sér svefnpokagistingu.
- Flestir koma inn á svæðið frá Ísafirði og er það eðlilegt miðað við að þeir bátar sem könnunin var gerð í leggja upp frá Ísafirði.
- Þeir staðir sem flestir heimsækja eru Hornvík, Hesteyri, Sæból og Látrar. Mest sóttu staðirnir endurspeglar að verulegu leyti náttstaði ferðafélaganna, staðsetningu sumarhúsa og áfangastaði áætlanarbáta.
- Almenn notuðu þátttakendur ekki neyðarskýli í ferðinni og aðeins um þriðjungur ritaði nafn sitt í gestabækur í skýlum.
- Yfirgnæfandi meirihluti þátttakenda er jákvæður gagnvart innheimtu þjónustugjalds inn á svæðið.
- Almenn er gott samræmi á milli þeirra væntinga sem fólk hafði fyrir ferðina og þess sem það upplifði í ferðinni. Landslag og ferðin í heild kemur mun betur út en fólk átti fyrirfram von á.
- Langflestir telja að þeir eigi eftir að heimsækja Hornstrandir aftur.
- Helstu ábendingar um það sem betur má fara snéru að merkingum, tjaldstæðamálum (og þar með salernis- og sorpmálum) og upplýsingum.


## EFNISYFIRLIT

1	Inngangur.....	1
2	Bakgrunnur .....	3
2.1	Búseta .....	3
2.2	Aldur.....	3
2.3	Reynsla af sambærilegum ferðum .....	4
2.4	Reynsla af Hornstrandaferðum.....	4
2.5	Samantekt á svörum um bakgrunn .....	5
3	Undirbúningur og upplýsingaöflun .....	6
3.1	Undirbúningur fyrir ferðina .....	6
3.2	Upplýsingar fyrir ferðina.....	6
3.3	Upplýsingamiðlar .....	7
3.4	Samantekt á svörum um undirbúning og upplýsingar .....	7
4	Ferðin sjálf.....	8
4.1	Lengd dvalar .....	8
4.2	Tegund ferðar .....	8
4.3	Tegund gistingar .....	8
4.4	Hvaðan komst þú inn á svæðið? .....	9
4.5	Hvaða staðir voru heimsóttir í ferðinni?.....	9
4.6	Förgun sorps .....	10
4.7	Gestabækur í neyðarskýlum .....	11
4.8	Notkun neyðarskýla.....	11
4.9	Greiðsla þjónustugjalds .....	12
4.10	Væntingar og veruleiki .....	12
4.11	Aftur á Hornstrandir .....	13
4.12	Samantekt á svörum um ferðina sjálfa .....	13
5	Ábendingar .....	15
6	Niðurstaða – lokaorð .....	16

# 1 Inngangur

Sumarið 2002 stóðu Ísafjarðarbær, Atvinnuþróunarfélag Vestfjarða og Náttúruvernd ríkisins<sup>1</sup> að könnun meðal ferðamanna á Hornströndum. Tilgangur könnunarinnar var að gera þessum aðilum, svo og öðrum sem koma að ferðaþjónustu á svæðinu, kleift að átta sig á ferðatilhögun, notkun þeirrar þjónustu sem í boði er og viðhorfum ferðamanna til svæðisins.

Ákveðið var að könnunin næði til þess svæðis sem tilheyrði Grunnavíkur- og Sléttuhreppi en ekki eingöngu til Hornstrandafirðlandsins. Þannig nær hún einnig til Grunnavíkur, þess hluta Jökulfjarða sem ekki eru innan friðlands og til Reykjafjarðar (sjá mynd 1). Oft er þessu svæði sem könnunin tekur til skipt í Hornstrandir og Jökulfirði. Við gerð spurningalistans var hins vegar ákveðið að nota orðið Hornstrandir sem samheiti til einföldunar og til þess að komast hjá misskilningi. Ástæðan er sú að ferðamenn sem annars eru ókunnugir á svæðinu þekkja ekki þessa skiptingu heldur kalla svæðið í heild Hornstrandir. Í greinargerðinni hér á eftir er sami háttur hafður á, þ.e. svæðið kallað einu nafni Hornstrandir, en að sjálfsögðu er þá átt við Jökulfirðina líka.



Mynd 1. Hornstrandir og Jökulfirðir

Hornstrandir er eitt best þekkt ferðamannasvæði á Vestfjörðum og á hverju ári er töluverður fjöldi ferðamanna sem heimsækir svæðið. Svæðið er að mörgu leyti sérstakt en eitt af því sem aðgreinir það frá öðrum helstu ferðamannasvæðum á Vestfjörðum er að stór hluti þess er innan Hornstrandafriðlandsins þó landið sé mestmegnis í einkaeign. Því fylgir að ákveðnar reglur hafa verið settar um umgengni og afnot af svæðinu.

Eitt af því sem gerir Hornstrandir svo heillandi fyrir ferðamenn er hin fjölbreytta náttúra sem þar er að finna og hefur þróast undanfarna hálföld að mestu án afskipta eða inngripa mannsins. Hjá Náttúrustofu Vestfjarða er nú unnið að rannsóknum á náttúruferðum svæðisins. Hins vegar hefur minni áhersla verið á að rannsaka ferðamennsku á Hornströndum. Fyrstu skref í þá átt voru þó stigin sumarið 1997 þegar Jón Björnsson, landvörður Náttúruverndar, safnaði saman upplýsingum um ferðamennsku á svæðinu með það að markmiði að benda á leiðir til bættrar ferðamennsku og umgengni. Verkefnið var unnið í samvinnu við Atvinnuþróunarfélag Vestfjarða og Náttúrustofu Vestfjarða. Um var að ræða

<sup>1</sup> Þegar könnunin var gerð var Náttúruvernd ríkisins sjálfstæð stofnun en í lok árs 2002 var stofnunin lögð niður og verkefni hennar færð undir Umhverfisstofnun.

spurningakönnun meðal ferðamanna, óformleg viðtöl við ferðamenn og talningu úr dagbókum báta.

Í þeirri könnun sem framkvæmd var sumarið 2002 var nokkuð litið til fyrri vinnu og lögð áhersla á að nota sambærilegar spurningar þegar mögulegt var. Jón Björnsson, starfsmaður Náttúruverndar aðstoðaði við gerð spurningalistans og kom með ábendingar byggðar á reynslu fyrri kannana. Óhjákvæmilega þurfti að breyta einhverjum spurningum auk þess sem spurningum var fjölgað nokkuð.

Tvö ferðaþjónustufyrirtæki á Ísafirði, Hornstrandir ehf. og Sjóferðir Hafsteins og Kiddýjar ehf., bjóða upp á áætlunar- og leiguferðir til Hornstranda og má gera ráð fyrir að flestir sem heimsækja svæðið notfæri sér þjónustu þeirra þó vissulega séu einhverjir sem nota aðra báta eða koma inn á svæðið á annan hátt. Því var ákveðið að láta könnunina liggja frammi í bátum þessara ferðaþjónustufyrirtækja. Er starfsfólki og eigendum fyrirtækjanna þökkun samvinnan við framkvæmd könnunarinnar. Einnig átti könnunin að liggja frammi í bát sem siglir frá Drangnesi en af óviðráðanlegum orsökum gekk það ekki eftir.<sup>2</sup>

Könnunin var framkvæmd á tímabilinu frá byrjun júlí og út ágúst. Meginhluti svara kom á tímabilinu 17. júlí til 11. ágúst. Könnuninni var beint að farþegum á leið heim frá Hornströndum. Ástæða þess að eingöngu var leitað til fólks á heimleið var sú að reyna að koma í veg fyrir að sami einstaklingur fengi könnunina oftár en einu sinni. Spurningablaðið var á þremur tungumálum, íslensku, ensku og þýsku.

Ekki liggja fyrir tölur um fjölda ferðamanna á Hornströndum sumarið 2002 en áætlað er að 3.500-4.000 manns hafi komið inn á svæðið með áætlunarbátum, einkabátum eða eftir öðrum leiðum. Af þeim tóku 216 þátt í könnuninni. Þess bera að geta að ekki eru 216 svör við hverri einustu spurningu þar sem þátttakendum var frjálst að sleppa þeim spurningum sem þeir töldu ekki eiga við eða vildu ekki svara af öðrum ástæðum.

Þegar niðurstöðurnar eru skoðaðar er rétt að gera ákveðna fyrirvara. Spurningalistum var ekki dreift í öllum ferðum, t.d. ekki ef vont var í sjóinn þar sem farþegar höfðu þá lítinn tíma til að sinna svona erindum. Eins er rétt að benda á að stórir hópar geta skekkt niðurstöðuna að nokkru leyti þar sem gera má ráð fyrir að svör þeirra sem ferðast í sama hópi séu nokkuð lík.

Þrátt fyrir þessa fyrirvara er það mat aðstandenda könnunarinnar að hún varpi ljósi á ferðatilhögun, markhópa og viðhorf þeirra sem heimsækja Hornstrandir. Það er því von þeirra sem stóðu að könnuninni að þeir aðilar sem koma að ferðaþjónustu á Hornströndum á einn eða annan hátt sjái sér hag í að nýta þær niðurstöður sem hér eru kynntar.

Hér á eftir er fjallað um útkomu hverrar spurningar fyrir sig. Var það er fram hugleiðingum um hvernig túlka megi niðurstöðurnar en ekki tekin ein ákveðin afstaða í þeim efnum heldur getur hver og einn lesið út úr niðurstöðunum eftir sínu höfði. Í þeim tilfellum sem það á við eru niðurstöður bornar saman við niðurstöður fyrri kannanna. Ekki er fjallað um spurningarnar í nákvæmlega sömu röð og þær komu fyrir á spurningalistanum sjálfum. Byrjað er á spurningum sem gefa upplýsingar um bakgrunn svarenda og reynslu af ferðum, þá eru teknar saman þær spurningar sem snúa að undirbúningi og upplýsingaöflun fyrir ferð og loks koma þær spurningar sem snerta ferðina sjálfa.

<sup>2</sup> Þetta er rétt að hafa í huga, sérstaklega þegar skoðað er hvaðan ferðamenn koma inn á svæðið og hvaða staðir voru heimsóttir því ljóst er að einhver hluti ferðamanna sem koma í Reykjarfjörð koma inn á svæðið að austan og fara sömu leið til baka.




## 2 Bakgrunnur

Í þessum hluta er gerð grein fyrir niðurstöðum þeirra spurninga sem snerta bakgrunn og reynslu svarenda. Tilgangur þessara spurninga var að varpa ljósi á það hvers konar fólk heimsækir svæðið, þ.e.a.s. á hvaða aldri og hvar er það búsett. Einnig var lögð áhersla á að greina hversu mikla reynslu fólk hefur af svona ferðalögum og hvort það hefur komið til Hornstrandir áður.

### 2.1 Búseta

Af þeim 216 svörum sem bárust voru 197 eða 91% frá Íslendingum og 19 eða 9% frá útlendingum. Íslendingar eru því í miklum meirihluta þeirra sem heimsækja Hornstrandir. Þetta eru nokkuð sambærileg hlutföll miðað við það sem fram kemur í niðurstöðum Jóns Björnssonar en þar greinir hann frá því að sumarið 1998 hafi hlutfall milli innlendra og erlendra ferðamanna í Reykjarfirði verið 93% Íslendingar og 7% erlendir ferðamenn.

Langflestir Íslendinganna voru frá suðvesturhorninu, alls 135 eða 63% allra sem tóku þátt í könnuninni. Fyrst og fremst var um að ræða fólk af höfuðborgarsvæðinu en lítill hluti var af Reykjanesi og Akranesi. Gera má ráð fyrir að einhver hluti þeirra 12% sem ekki tilgreindu búsetu komi af höfuðborgarsvæðinu og hlutfall gesta þaðan því í raun aðeins hærra en 63%.




Mynd 2. Búseta

Vestfirðingar eru lítill hluti þeirra sem fer á Hornstrandir og velta má fyrir sér hver skýringin á því kunní að vera. Hafa Vestfirðingar minni áhuga á Hornstrandaferðum en aðrir, voru þeir að nota aðra ferðamáta en áætlunarbáta þar sem könnunin lá frammi, voru þeir tregari en aðrir að taka þátt í könnuninni eða var könnuninni síður haldið að þeim en t.d. gönguhópum?

### 2.2 Aldur


Meðalaldur þeirra 215 sem svöruðu spurningu um aldur var um 44 ár. Alls eru 30% á aldrinum 41-50 ára, 29% á aldrinum 51-60 ára, 21% á aldrinum 31-40 og 14% á aldrinum 21-30 ára. Ef niðurstöðurnar eru bornar saman við aldursskiptingu ferðamanna í nokkrum gönguhópum sumrin 1995-1998 er útkoman ekki alveg sú sama þar sem sú könnun leiddi í ljós að nokkuð hærra hlutfall var í aldurshópnum 30-40 ára og lægra hlutfall í hópnum 50-60 ára. Ástæða þessa munar kann að skýrast af því að könnunin nú nær ekki eingöngu til göngufólks heldur nær hún einnig til þeirra sem dvelja í sumarhúsum. Þessi munur breytir því ekki að ljóst er að það er fyrst og fremst fólk á besta aldri sem heimsækir Hornstrandir, fólk sem ekki er með ung börn.



Mynd 3. Aldursdreifing svarenda

### 2.3 Reynsla af sambærilegum ferðum


Alls voru 182 sem svöruðu spurningunni um hvort þeir hefðu reynslu af sambærilegum ferðum. Niðurstöðurnar benda til þess að flestir sem fara í gönguferð um Hornstrandir hafi reynslu þar sem aðeins tæplega fimmtingur svarenda hafði ekki farið í svona ferð áður. Vekja má sérstaka athygli á að rétt tæplega helmingur hefur farið í fimm ferðir eða fleiri sambærilega þeirri sem þeir voru í á Hornströndum sumarið 2002. Bendir það ótvírætt til þess að þeir sem heimsæki svæðið séu vant útivistarfólk eða fólk sem hefur reglulega aðgang að sumarhúsi.



Mynd 4. Ef þú ert í gönguferð, hversu vön/vanur ert þú ferðum sambærilegri þessari?

### 2.4 Reynsla af Hornstrandaferðum

Allir þátttakendur svöruðu spurningunni um hvort þeir hefðu komið til Hornstranda áður. Tæplega helmingur svarenda var að koma til Hornstranda í fyrsta skipti, 21% hefur komið einu sinni áður, 14% hafa komið 2-5 sinnum og 17% hafa komið oftar en 5 sinnum til Hornstranda. Niðurstöðurnar eru nokkuð í takti við það sem kom út úr könnuninni 1997, helsta frávikið er að þar eru hlutfallslega færri (16%) sem hafa komið einu sinni áður og hlutfallslega nokkuð fleiri sem hafa komið oftar en fimm sinnum (28%).



Mynd 5. Hefur þú komið til Hornstranda áður?

Ef svör við þessari spurningu eru skoðuð í samhengi við svör um tegund ferðar (sjá umfjöllun um þá spurningu síðar) kemur í ljós að langflestir þeirra sem komið hafa fimm sinnum eða oftar dvelja í sumarhúsi.

## **2.5 Samantekt á svörum um bakgrunn**

Út frá svörum um bakgrunn þátttakenda í könnuninni má draga ákveðnar ályktanir um markhóp þeirra sem selja þjónustu tengda Hornströndum. Hinn dæmigerði Hornstrandafari er búsettur á höfuðborgarsvæðinu, kominn á miðjan aldur, stundar útivist og er allt eins líklegur að hafa komið á svæðið áður.

Það er ýmislegt sem má velta fyrir sér í framhaldi af þessum niðurstöðum. Það er athygli vert að hlutfall Vestfirðinga skuli vera eins lágt og raun ber vitni og í framhaldi af því má spyrja hvort það sé virkilega raunin eða hvort Vestfirðingar hafi síður tekið þátt í könnuninni en aðrir ferðamenn af einhverjum ástæðum. Ef staðreyndin er sú að Vestfirðingar eru mjög lágt hlutfall þeirra sem heimsækja Hornstrandir þá vaknar sú spurning hvort þeir séu hugsanlegur markhópur – er ástæða til þess að reyna að vekja meiri áhuga þeirra sem næst búa á að heimsækja Hornstrandir? Hins vegar getur verið að könnuninni hafi síður verið beint að „heimafólki“ sem gjarnan dvelur í sumarhúsum en frekar haldið að gönguhópum.

Annað sem vekur athygli er hversu lágt hlutfall ferðamenna á Hornströndum eru erlendir, sérstaklega þegar horft er til þess að útlendingar eru stór hluti þeirra sem t.d. ganga Laugarveginn svokallaða. Í framhaldinu má spyrja þeirrar spurningar hvort erlendir ferðamenn séu óplægður akur þegar kemur að markaðssetningu og kynningu á Hornströndum, hvort þarna sé markhópur sem hægt væri að höfða betur til.

Sama má í raun segja um yngra fólk því eins og aldur svarenda gefur til kynna eru langflestir sem fara um Hornstrandir á miðjum aldri. Skýringin á því liggur væntanlega, að minnsta kosti að hluta til, í því að fæstir taka börn með sér í Hornstrandaferð og fólk með börn velur því aðra kosti þegar kemur að fríi. Hins vegar væri hægt að bjóða upp á ferðir sem henta barnafólki, t.d. dagsferðir eða ferðir þar sem dvalið er í húsi og farið í styttri gönguferðir.

Áður en lagt er af stað með hugleiðingar um vænlega markhópa og hvernig hægt er ná til fleiri þarf þó að taka afstöðu til hversu mikið eigi að markaðssetja svæðið. Það þarf að svara þeirri spurningu hvort æskilegt sé að fjölga ferðamönnum á svæðinu og marka einhverja stefnu eða framtíðarsýn varðandi ferðaðjónustu á Hornströndum.




### 3 Undirbúningur og upplýsingaöflun

Í þessum hluta er fjallað um þær spurningar sem snúa að undirbúningi fyrir ferðina og upplýsingaöflun um svæðið.

#### 3.1 Undirbúningur fyrir ferðina

Alls voru 209 þátttakendur sem svöruðu spurningu um undirbúningstíma fyrir ferðina. Tilgangur þess að spyrja um hvenær undirbúningur fyrir ferðina hófst var fyrst og fremst sá að fá hugmynd um hvenær vænlegt er fyrir ferðabjónustuaðila sem selja þjónustu tengda Hornstrandaferðum að vinna sitt markaðsstarf.


Af niðurstöðum spurningakönnunarinnar má ráða að margir gefa sér góðan tíma til undirbúnings fyrir ferð á Hornstrandir. Rúmlega fjórðungur svarenda byrjaði undirbúning minna en mánuði fyrir ferð eða fékk skyndihugdettu, 29% hóf undirbúning fyrir allt að þremur mánuðum fyrir ferð en um 44% svarenda hóf undirbúning fyrr en það.



Mynd 6. Hvenær hófst undirbúningur fyrir ferðina?

#### 3.2 Upplýsingar fyrir ferðina


Þrír þættir skera sig úr varðandi hvaða upplýsinga er aflað fyrir ferðina, 63% öfluðu sér upplýsinga um gönguleiðir, 59% öfluðu sér upplýsinga um veðurfar og 54% kynntu sér áætlun báta. Í kringum 21% kynntu sér reglur um Hornstrandafriðlandið, 20% um sjávarföll, 17% öfluðu sér upplýsinga um símasamband og 12% um staðsetningu neyðarskýla og aðstöðu á tjaldstæðum.



Mynd 7. Hverja af eftirfarandi þáttum kynntir þú þér áður en ferðin hófst?

### 3.3 Upplýsingamiðlar

Rúmlega helmingur svarenda fékk upplýsingar um Hornstrandir hjá fjölskyldu eða vinum og rétt tæpur helmingur las sér til í bókum. Um 23% aflaði sér upplýsinga á netinu og 21% hafði fengið upplýsingar í gegnum bæklinga. Rúmlega 10% fékk upplýsingar hjá Vesturferðum/upplýsingamiðstöðinni á Ísafirði en færri fengu upplýsingar úr fjölmiðlum eða frá ferðamálafulltrúum. Nokkrir notuðu aðrar leiðir til að afla upplýsinga m.a. með því að ræða við fararstjóra, fá myndband á bókasafni eða nýttu sér reynslu úr fyrri ferðum. Einn merkti við að hafa aflað upplýsinga á Perlusýningunni í Reykjavík.



Mynd 8. Hvar fékkst þú upplýsingar um Hornstrandir áður en ferðin hófst?

Það má velta upp ýmsum atriðum út frá þessum svörum. Ástæða þess að svo hátt hlutfall nýtir sér bækur er sjálfsagt sú að bæði Ferðafélag Íslands og Útivist hafa gefið út árbækur þar sem fjallað er um Hornstrandir. Eins hafa verið gefnar út aðrar bækur sem fjalla um svæðið, annað hvort sögu þess eða gönguleiðir. Upplýsingar úr bókum eru því nokkuð aðgengilegar. Á hinn bóginn er athyglisvert hversu fáir virðast nýta sér internetið til upplýsingaöflunar þar sem netið er sá miðill sem fólk notar gjarnan til að sækja sér ferðaupplýsingar. Þetta vekur þá spurningu hvort ekki sé nægilega gott framboð upplýsinga á netinu um Hornstrandir.

### 3.4 Samantekt á svörum um undirbúning og upplýsingar

Af svörum má ráða að flestir sem heimsækja Hornstrandir byrja tímanlega að undirbúa ferðina. Margir afla sér upplýsinga um svæðið áður en haldið er af stað og þá fyrst og fremst um gönguleiðir, veðurfar og áætlanir báta. Ekki er lögð mikil áhersla á að afla upplýsinga um aðra þætti svo sem reglur um friðlandið, sjávarföll eða öryggisatriði eins og símasamband og staðsetningu neyðarskýla. Þær upplýsingaveitur sem mest eru notaðar eru fjölskylda eða vinir og bækur. Mun færri nýta sér internetið, bæklinga eða aðrar upplýsingaveitur.


Í framhaldinu má velta fyrir sér hversu aðgengilegar upplýsingar eru, hvort framboð upplýsinga, t.d. á netinu, sé nógu gott, hvernig upplýsingum er komið á framfæri o.s.frv.

## 4 Ferðin sjálf

Í þessum hluta er gerð grein fyrir niðurstöðum þeirra spurninga sem snéru beint að ferðinni sjálfri, þ.e. ferðatilhögun og hegðun þegar komið var á svæðið.

### 4.1 Lengd dvalar


Það voru 214 sem svöruðu spurningu um hversu lengi var dvalið á Hornströndum í þessari ferð. Algengast var að fólk sé í 5-10 daga ferð á Hornströndum samkvæmt svörum því um 62% tilgreina þann dagafjölda. Um 30% voru í 2-4 daga, rúm 5% voru meira en 10 daga og 3% voru einn dag.



Mynd 9. Hversu marga daga dvaldir þú á Hornströndum nú?

### 4.2 Tegund ferðar


Allir þátttakendur í könnuninni svöruðu spurningu um tegund ferðar. Í ljós kom að flestir ferðalangar á Hornströndum voru í gönguferð annað hvort á eigin vegum (43%) eða skipulagðri ferð með fararstjóra (29%), 18% dvöldu í sumarhúsi á sama stað, 3% voru í dagsferð og 1% voru í hringferð með bát. Undir liðinn „annað“ falla blandaðar ferðir, þ.e.a.s. ef fólk merkti við fleiri en einn möguleika t.d. að ferðin væri á eigin vegum og kajakferð, eða dvöl í sumarhúsi og gönguferð á eigin vegum.



Mynd 10. Tegund ferðar

### 4.3 Tegund gistingar


Af þeim 208 sem svöruðu spurningu um tegund gistingar var rétt tæplega helmingur ferðamanna sem gisti í tjaldi, 23% gistu í húsi hjá fjölskyldu eða kunningjum, 19% voru í svefnpokagistingu, 8% merktu bæði við tjald og hús hjá fjölskyldu eða kunningjum og 4% voru bæði í tjaldi og svefnpokagistingu.



Mynd 11. Tegund gistingar

#### 4.4 Hvaðan komst þú inn á svæðið?

Alls voru 214 sem svöruðu spurningunni um hvernig komið var inn á svæðið. Af þeim voru 78% sem komu frá Ísafirði og 17% frá Bolungarvík, 4% merkti við að hafa komið að austan og einn (0,5%) merkti við að hafa komið frá Snæfjallaströnd.



Mynd 12. Hvaðan komst þú inn á svæðið?

Eins og bent var á í inngangi gekk ekki eftir að láta könnunina liggja frammi í bát sem siglir frá Drangnesi. Sú staðreynd kann að skekkja niðurstöðu þessarar spurningar þar sem vitað er að einhver hluti ferðamanna kemur að austan inn á svæðið og fer sömu leið til baka, ýmist siglandi eða gangandi. Sérstaklega á þetta við um ferðamenn sem heimsækja Reykjarfjörð og dvelja þar.


#### 4.5 Hvaða staðir voru heimsóttir í ferðinni?

Þátttakendur í könnuninni voru beðnir að merkja við þá staði sem þeir gistu á og þá staði sem gengið var um en ekki gist. Gera má ráð fyrir að niðurstöðurnar endurspegli að einhverju leyti aðgengi að stöðum (tíðni bátsferða), og viðkomustaði ferðafélagana sem fara með hópa um svæðið og staðsetningu sumarhúsa.

Hesteyri og Hornvík eru þeir staðir sem flestir heimsækja, samtals voru tæplega 45% ferðamanna sem annað hvort gistu eða gengu um Hesteyri og hlutfallið fyrir Hornvík er um 42%. Svörin sýna þó ekki sama ferðamynstur þeirra sem heimsækja þessa tvo vinsælustu staði Hornstranda. Rétt tæplega helmingur þeirra sem heimsóttu Hesteyri gistu ekki en mikill meirihluti þeirra sem komu í Hornvík gistu. Hornvík er enda sá staður sem flestir ferðamenn gista á.

Aðalvíkin, bæði Sæból og Látrar fylgja fast á eftir en 34% gistu eða gengu um Látra og um 29% komu að Sæbóli. Næturstaðir bæði Ferðafélags Íslands og Útivistar ráða örugglega nokkru um hvaða staðir skora hátt í gistingu og t.d. má benda á að Hlöðuvík er nokkuð ofarlega á blaði en Ferðafélagið er með gistiádstöðu þar. Allir sem merktu við Grunnavík gistu þar en mjög lítið er gíst í Lónafirði og Veiðileysufirði miðað við þessar niðurstöður. Síðustu þrjú staðirnir sem eru á mynd 13 (Bjarnanes, Flæðareyri, Leirufjörður) voru ekki á listanum heldur skrifaði fólk þá í auðan reit á spurningablaðinu.

Það sem vekur athygli er að herra hlutfall skuli ekki gista í Reykjafirði þar sem rekin er blómleg ferðapjónusta allt sumarið. Hugsanlega tengist það því að spurningalistinn lá einungis frammi í þeim bátum sem gera út frá Ísafirði en ekki í bátum frá Drangnesi eins og greint var frá í inngangi. Vitað er að hluti þeirra ferðamanna sem koma í Reykjafjörð koma austan að og fara sömu leið til baka. Það má því gera ráð fyrir að herra hlutfall ferðamanna á Hornströndum gisti í Reykjafirði en niðurstöðurnar hér gefa til kynna.




Mynd 13. Hvaða staðir voru heimsóttir í ferðinni?

#### 4.6 Förgun sorps

Engin sorphirðing er á Hornströndum heldur verða ferðamenn sjálfir að bera ábyrgð á sínu sorpi. Því var áhugavert að spyrja hvaða leiðir fólk notar til að losa sig við sorp. Flestir ferðamenn á Hornströndum taka sorpið sitt með til byggða, að minnsta kosti eitthvað af því, en 76% merktu við þann möguleika. Um 30% brenndu sorp og 9% urðuðu. Um 9% notuðu aðrar aðferðir en gefnar voru upp á listanum og í þeim tilfellum var sorpið skilið eftir hjá staðarhöldurum eða fararstjóri sá um að ganga frá því á einhvern hátt. Rétt er að benda á að margir nota fleiri en eina aðferð til þess að losa sig við sorp.






Mynd 14. Hvað gerðir þú við sorpið þitt í ferðinni?

#### 4.7 Gestabækur í neyðarskýlum


Alls voru 194 sem svöruðu spurningu um gestabækur í neyðarskýlum. Í ljós kom að einungis 30% svarenda skrifuðu nafn sitt í gestabækur í neyðarskýlum í ferðinni.



Mynd 15. Skrifaðir þú nafn þitt í gestabækur í neyðarskýlum í ferðinni?

#### 4.8 Notkun neyðarskýla


Alls voru 201 ferðamaður sem svaraði spurningu um notkun neyðarskýla. Þrír fjórðu hlutar svarenda notuðu ekki neyðarskýli í ferðinni, 11% notuðu skýli til að þurrka búnað, rúm 5% á meðan beðið var eftir bát, tæp 5% borðuðu nesti í skýlum og sama hlutfall merkti við aðra möguleika s.s. gista eða geyma dót. Þessar niðurstöður koma nokkuð á óvart miðað við umræðu sem stundum kemur upp um misnotkun á neyðarskýlunum.



Mynd 16. Notaðir þú neyðarskýli í ferðinni?

#### 4.9 Greiðsla þjónustugjalds

Af þeim 197 sem svöruðu spurningu um þjónustugjald voru rétt um þrjú fjórðu hlutar tilbúnir að greiða þjónustugjald inn á svæðið að því tilskyldu að þjónusta væri aukin s.s. tjaldsvæði og salerni.



Mynd 17. Værir þú tilbúin(n) að greiða þjónustugjald ef þjónustan á svæðinu væri aukin s.s. tjaldsvæði og salerni?


Þessi niðurstaða gefur ákveðna vísbendingu um að ferðamenn séu almennt ekki á móti þjónustugjaldi en hins vegar er rétt að taka það fram að ekki var nefnd nein ákveðin upphæð í spurningunni né aðferð við að innheimta þjónustugjaldið.

#### 4.10 Væntingar og veruleiki

Ákveðið var að spyrja hvernig ýmsir þættir uppfylltu væntingar ferðafólks og var tilgangurinn fyrst og fremst sá að sjá hvort samræmi væri á milli væntinga og þess veruleika sem blasir við þegar komið er á svæðið. Slíkt getur m.a. gefið vísbendingar um hversu „sanna“ mynd fólk er búið að draga upp í huganum áður en það kemur á Hornstrandir. Sú mynd mótast væntanlega af fyrri reynslu ef fólk hefur komið áður en annars af þeim upplýsingum sem það hefur, hvort sem þær eru úr bókum, frá vinum og ættingjum eða annars staðar frá.

Svarhlutfall var á bilinu 63-84%, breytilegt eftir spurningum. Flestir þættir sem spurt var um að minnsta kosti uppfylla væntingar ferðamanna og sumir gott betur en það. Það sem *síst* uppfyllir væntingar eru merkingar gönguleiða (26%), salerni (15%), veðurfar (14%) og upplýsingar á svæðinu sjálfu (13%). Engu að síður uppfylla þessir þættir væntingar meirihluta ferðamanna.


Það sem hins vegar uppfyllir væntingar *betur* en við var búist er landslag (46%), áætlun báta (30%), veðurfar (28%) og þjónusta (24%). Það sem er mest um vert er að ferðin í heild uppfyllti væntingar betur en búist var við hjá 51% svarenda og einungis 1% taldi ferðina ekki uppfylla væntingar.



Mynd 18. Hvernig samræmdust eftirfarandi þættir þeim væntingum sem þú hafðir fyrir ferðina?

#### 4.11 Aftur á Hornstrandir

Mikil meirihluti þeirra 204 sem svöruðu spurningu um hvort þeir teldu sig eiga eftir að koma aftur á Hornstrandir svöruðu því játandi. Einungis 5% töldu ólíklegt að þeir ættu eftir að heimsækja Hornstrandir aftur. Þess má geta að meirihluti þeirra sem töldu ólíklegt að þeir mundu heimsækja svæðið aftur voru útlendingar og tóku þá fram að það væri ekki vegna óánægju með svæðið heldur teldu þeir ekki líklegt að þeir ættu aftur leið um Ísland.



Mynd 19. Telur þú líklegt að þú eigir eftir að heimsækja Hornstrandir aftur?

#### 4.12 Samantekt á svörum um ferðina sjálfa

Ef dregin er upp mynd af hinum „dæmigerða“ Hornstrandafara þá fer hann í 5-10 daga langa gönguferð, annað hvort með fararstjóra eða á eigin vegum, og mestar líkur eru á að hann gisti í tjaldi. Líklega hefur hann komið inn á svæðið frá Ísafirði og mestar líkur eru á að hann heimsæki Hesteyri, Hornvík eða Aðalvík. Einnig er vinsælt að gista í Hlöðuvík, Reykjarfirði, Furufirði, Bolungarvík, Hrafnfirði og Grunnavík. Flestir ferðamenn taka sorpið sitt með til byggða eða brenna það. Ekki er líklegt að hinn dæmigerði ferðamaður skrifi í gestabækur í neyðarskýlum eða noti skýlin á nokkurn hátt, en ef svo fer þá er líklegast að skýlin séu notuð til að þurrka búnað. Ferðamenn virðast ekki fráhverfir hugmynd um greiðslu þjónustugjalds.

Ljóst er að ferðamenn eru almennt ánægðir með ferð á Hornstrandir og telja að ferðin hafi verið betri en búist var við.

Það eru ýmsir fletir sem má velta fyrir sér í framhaldi af niðurstöðunum. T.d. er mjög lítið hlutfall sem er í dagsferð eða hringferð með bát og spurning hvort það er markaður sem má þróa nánar. Slíkar ferðir gætu t.d. hentað barnafólki sem eins og fram hefur komið er ekki mjög stór hluti Hornstrandafara. Einnig hefur komið fram að ferð á Hornstrandir er yfirleitt ekki skyndihugdetta – þ.e. ekki er mikið um að ferðamenn sem eiga leið um t.d. Ísafjörð og eru að leita sér að afþreyingu fari á Hornstrandir en aukið framboð dagsferða gæti höfðað til þess hóps.

Það hlýtur að teljast mjög ánægjulegt að mikill meirihluti þeirra sem heimsækja Hornstrandir telja að þeir eigi eftir að heimsækja svæðið aftur. Það sýnir að svæðið hefur aðdráttarafl og fólk lítur þannig á að það sé ekki afgreitt í einni ferð.

Það er sérstaklega áhugavert að skoða niðurstöður spurninga um hvernig ferðin og svæðið uppfyllti væntingar. Útkoman bendir ótvírætt til þess að fólk sé mjög ánægt með ferðina. Það er þó umhugsunarefni þegar væntingar eru ekki uppfylltar því það bendir til þess að ósamræmi sé á milli þeirra hugmynda sem fólk hefur fyrirfram og þess raunveruleika sem blasir við þegar komið er á svæðið. Spurningin er hvort það tengist á einhvern hátt skorti á upplýsingum þannig að fólk hafi ekki rétta mynd af aðstæðum áður en það leggur af stað.

## 5 Ábendingar

---

Í lok spurningalistans var svarendum gefinn kostur á að koma með ábendingar eða viðbætur. Alls voru 67 sem nýttu sér þann möguleika og komu með ábendingar eða athugasemdir um einn eða fleiri þætti. Segja má að þrír málaflokkar standi upp úr hvað varðar fjölda athugasemda en það eru merkingar, tjaldstæðamál og upplýsingar.

Margir komu með athugasemdir varðandi merkingu leiða, gönguleiðir og brýr. Helst var bent á að merkja þurfi leiðir betur og sérstaklega að koma þurfi upp vegvísunum. Einnig að merkja hættulega staði og vöð. Þá var bent á að brúa þyrfti Hesteyrará og ganga frá brúnni á Skorarheiði.

Einnig kom töluvert af athugasemdum um tjaldstæði, salernismál, sorp og þjónustu almennt. Þeir sem koma með ábendingar varðandi þessi mál óska flestir eftir betri aðstöðu á tjaldstæðum, bættri salernisaðstöðu, sumir nefna vatnssalerni en aðrir að fjölga þurfi kömrum og laga þá sem fyrir eru. Eins var bent á að bæta þurfi sorphirðumál, t.d. með því að koma upp sorpilátum á tjaldstæðum. Hvað þjónustuna almennt varðar eru athugasemdir flestar á þann veg að þjónustan sé góð eins og hún er.

Ýmsar góðar ábendingar komu fram varðandi upplýsingar. Bent er á að upplýsingar um svæðið mættu vera betri, t.d. varðandi tjaldstæði og hvar má tjalda og hvar ekki. Einnig er bent á að reglur um friðlandið mættu vera meira áberandi á svæðinu og eins að leiðarlýsingar mættu vera á tjaldstæðum. Bent er á að göngukort mættu vera með GPS punktum á mikilvægum stöðum og eins að í bæklingum mætti gefa upp gönguleiðir í kílómetrum og áætlaðan tíma á milli staða (miðað við meðal gönguhraða).

Ýmsar aðrar athugasemdir komu fram. Nokkrir notuðu þetta tækifæri til að lýsa ánægju sinni með svæðið og ferðina, útskýrðu afstöðu sína til gjaldtöku á svæðinu, bentu á að landið væri í einkaeign og virða þurfi eigur fólks eða lögðu áherslu á náttúrufar svæðisins. Eins var bent á að för eftir hesta séu ekki til prýði, landvarsla sé of áberandi, huga þurfi að vetrarumferð vélknúinna ökutækja og hvernig stemma eigi stigu við henni og bent á að símasamband sé mikilvægt öryggistæki.



## 6 Niðurstaða – lokaorð

---

Eins og fram kemur í inngangi var tilgangur þessarar könnunar að afla upplýsinga um ferðatilhögun, notkun á þjónustu og viðhorfum ferðamanna sem heimsækja Hornstrandir. Þeir sem koma að ferðaþjónustu á Hornströndum hafa flestir tilfinningu fyrir þessum þáttum, t.d. hverjir það eru sem heimsækja svæði, hvaða staðir eru mest heimsóttir og hvernig ferðir eru algengastar. Hins vegar skiptir mjög miklu máli að hafa á meiru en tilfinningunni að byggja þegar rætt er um stöðu og þróun og þar liggur mikilvægi kannanna.

Við úrvinnslu hefur ekki verið lögð mikil áhersla á að túlka niðurstöðurnar þó varpað hafi verið fram nokkrum spurningum eða hugleiðingum sem vöknudu þegar farið var að skoða útkomuna. Aðstandendur könnunarinnar vonast hins vegar til að ferðaþjónustuaðilar skoði þessar niðurstöður og nýti sér upplýsingarnar í áframhaldandi þróun í þjónustu við ferðamenn. Niðurstöðurnar gefa kost á að setja sig í spor ferðamannsins og skoða svæðið með hans augum. Það er gott og gagnlegt fyrir alla hagsmunaaðila að velja því fyrir sér hvað ferðamenn vilja, hvort verið er að bjóða upp á það sem þeir sækjast eftir og síðast en ekki síst hvernig óskir ferðamanna fara saman við hagsmuni og vilja ferðaþjónustuaðila og landeigenda á svæðinu.